



**ORKUSTOFNUN**

**Skipulag Vatnsorkudeildar**

**Haukur Tómasson**

**Greinargerð HT-92-01**

## SKIPULAG VATNSORKUDEILDAR

### 1. Skipulag

Frá því í febrúar á þessu ári hefur Vatnsorkudeild starfað eftir nýju skipulagi, sem sýnt er á meðfylgjandi mynd, skipurit Vatnsorkudeildar. Skipulag þetta var samþykkt af stjórn stofnunarinnar 6. febrúar síðastliðinn. Helsta breytingin frá fyrra skipulagi er að Verk og Vatnafræði deild er lögð niður en í stað hennar koma verkfræðiáætlanir með það aðalverksvið að gera forathuganir að virkjunum og sjá um virkjanalíkan og virkjanabanka. Þessi starfsemi er höfð skipulagslega utan og ofa við fagdeildir og heyrandi beint undir forstjóra. Með þessu móti er stefnt að skilvísari stjórnun á deildinni og að ná fram skýrari markmiðsetningu fyrir starf fagdeildanna. Sú markmiðsetning stýrist af niðurstöðum virkjanáætlana bæði hvað varðar val á virkjunarstöðum til þess að leggja áherslu á og einnig hvaða rannsóknarþættir eru líklegastir til að verða flöskuháls í framtíðinni og ber því að leggja aukna áherslu á. Vatnafræðihluti Verk og Vatnafræði færast undir Vatnamælingar.

Vatnamælingar eru langstærsta fagdeildin. Þær eru og hafa verið forgangsverkefni. Þær reka vatnshæðamælierfi landsins. Framkvæma rennslismælingar, aurburðarmælingar, jöklarannsóknir og vatnafræðilega úrvinnslu. Um 75% vatnamælinga eru kostaðar af ríkinu en afgangurinn aðallega af orkufyrirtækjum samkvæmt samstarfssamningum. Vatnamælingar hafa úti bú á Austurlandi.

Landmælingar annast mælingar vegna kortagerðar, staðsetningu mæli- og athuganapunkta, þyngdarmælingar og mælinga vegna hreyfingar lands.

Jarðfræðikortlagning annast skipulega jarðfræðikortlagningu, rannsóknir á lausum jarðefnum sem byggingarefni, jarðvatni og neysluvatni.

Mannvirkjajarðfræði annast mat á jarðfræði byggingastaða og frekari rannsóknir vegna hönnunar. Þetta var áður lang stærsta deildin, en er nú í lágmarki vegna samdráttar í hönnunar-rannsóknum. Hún hefur umsjón með kjarnasafni stofnunarinnar.

Umhverfisrannsóknir hefur alltaf verið af lágmarksstærð en starfsemi á þessu sviði hefur verið aðkeypt. Hún annast rannsóknir á sviði vatnaliffræði og skilgreiningar á og eftirlit með aðkeyptri vinnu. Hún rekur rannsóknarstofu til mælinga á aurburði.

### 2. Verkefnaskipun

Á blaði 2, verkefnaskipan Vatnsorkudeildar, er sýnt hvernig skipulagið á að virka. Forstjóri hefur með höndum stjórn deildarinnar. Honum til aðstoðar eru þeir sem annast verkfræðiáætlanir og rekstraráætlanir og hinn síðarnefndi hefur samskipti við rekstrarstjóra, sem sam-eiginlegur er Vatnsorku og Jarðhitadeild. Undir þetta heyra fagdeildir, en á þeim eru allir starfsmenn nema forstjóri og deildarverkfraðingur í verkfræðiáætlunum. Stórverk hafa sér-stakan verkefnistjóra. Þeir skaffa fólk til sinna verka frá fagdeildum í samráði við deildarstjóra þeirra. Tvær þverfaglegar verkefnastjóra stöður eru í notkun nú. Önnur er í verkefni sem heitir "átak í virkjanarannsóknum" og er það langstærsta verkefni deildarinnar. Hitt verkefnið er í hönnunarrannsóknum, sem að mestu eru söluverk fyrir virkjunaraðilja. Önnur verk eru unnin af einni fagdeild, stjórnað af deildarstjóra þeirrar deildar eða af verkefnistjóra sem hann setur.

Samræming fer fram á deildarfundum þar sem sitja deildarstjórar fagdeilda, deildarverkfræðingur og forstjóri deildar. Fundurinn er ráðgefandi. Fastir samráðsfundir eru haldnir nokkuð reglulega með Landsvirkjun þar sem ræddar eru áherslur í virkjanarannsóknum, virkjanahugmyndir, sameiginleg verkefni og ýmsar skilgreiningar til notkunar í virkjunaráætlunum.

SKIPURIT VATNSORKUDEILDAR  
1.2 1992 /HT



